

Sýrena 'Hallveig'

Syringa sp. 'Hallveig' [Villosa]

Ætt: Smjörviðarætt – Oleaceae

Einstaklega blómsæl og harðger sýrena með lillableik blóm.



Lýsing: Meðalstór til stórvaxin runni með fremur upprétt vaxtarlag, smávaxnari en flestar sýrenur ræktaðar héraendis. **Fíngerð blöð**, fallega rauðleit þau yngstu. Ungar greinar áberandi rauðbrúnar. **Blómstrar** í lok júní eða byrjun júlí lillableikum ilmandi blómum í mjög stórum opnum klösum, blómstíkar áberandi rauðbrúnir. Ein af þremur blómsælustu sýrenum í safni Yndisgróðurs ásamt 'Villa Nova' og 'Bríeti' en blómstrar um viku til tíu dögum fyrir en þær. Verður um 2,5-3 m há og 2 m breið. Meðalhæð efir 5 ár er um 1,5 m við góðar aðstæður (í yndisgarðinum á Reykjum).

Uppruni: Af einum runna af hópi plantna gróðursettir í Hallargarðinum um 1985, upprunnir af fræi frá Milde grasagarðinum í Bergen 1981. Voru skráðir sem Kínasýrena *Syringa yunnanensis* en bera miklu fremur einkenni þess að vera Gljásýrena *Syringa josikaea* en eru mjög líklega blendingar. Henni var fyrst, svo vitað sé, fjölgað af ræktunarstöð Reykjavíkurborgar sumarið 1989.



Sýrena 'Hallveig' í Yndisgarðinum á Blönduósi, sumarið 2015, gróðursett 2009.



Stórir ilmandi blómklasar með lillableik blóm, blómstra fremur snemma miðað við aðrar sýrenur.



Blómstíkar eru áberandi rauðbrúnir og vaxtarlag fremur upprétt.



Sýrena 'Hallveig' í yndisgarðinum að Reykjum sumarið 2012, gróðursett 2008.

Íslenskt yrki, valið sem úrvalsyrki af yrkisnefnd Yndisgróðurs árið 2013. Gefið yrkisheitið 'Hallveig' árið 2015 í höfuðið á Hallveigu Fróðadóttur eiginkonu landnámsmannsins Ingólfs Arnarsonar.

Notkun: Hentar vel sem stakstæður runni eða með öðrum smávaxnari runnum á sólríkum stað. Getur hentað sólarmegin í skjólbeltum og trjálundum eða einn sér til skjólmyndunar og til að hindra sýn inn í garð. Sýrenur henta vel á opnum svæðum og stærri görðum en mætti líka nota sem lítið tré í smáum görðum. Sýrenum ætti að jafnaði ekki að planta þéttara en með 1,5-2,5 m millibili og setja jafnvel smávaxnari runna inn á milli.

Ræktun og harðgeri: Einstaklega nægjusamur runni og líklega ein harðgerasta sýrena sem kostur er á héraendis. Sólelskur en getur þolað léttann skugga en blómstrar þá minna. Þarf vel framræstan frjósaman jarðveg en má ekki standa of þurrt. Er nokkuð vind- og saltþolin. Þrífst vel víða á landinu, löng og góð reynsla hjá Reykjavíkurborg frá um 1990 sýnir að hún er mjög harðger á svæði A, góð reynsla er af henni í öllum klónasöfnum Yndisgróðurs og ætti því að þrífast vel á svæði A, B og C. Skjól fyrir norðanátt er þó mikilvægt til að tryggja góða blómgun. Harðger í uppeldi og í útplöntun.

Umhirða: Umhirða sýrena er einföld, mestu skiptir að atlæti sé gott í upphafi og hún verði ekki fyrir áfalli við gróðursetningu. Ekki þarf að klippa sýrenur mikið, heldur einungis að grisja innan úr runnum og einstaka sinnum að fjarlægja eldri greinar til endurnýjunar. Sýrenur þola töluverða klippingu en blómstra þá minna fyrsta sumarið á eftir. Þær þola einnig að vera sagaðar niður í um 20-30 cm til endurnýjunar.

Óþrif og skaðvaldar: Sýrenur eru nokkuð lausar við óþrif. Nokkuð ber á því að kettir klóri og nagi börk þeirra jafnvel runnunum til fjörtjóns. Helsta ráðið við þessu er að búa svo um að kettir komist ekki að stofni runnans t.d. með greinum, girðingu eða þéttum lágvöxnum runnum. Vandamál þetta minnkar vanalega þegar runninn hefur myndað greinaþykki við jörðu.

Fjölgun: Sýrenum er fjölgað með sumar-græðlingum.



Sýrena 'Hallveig' í yndisgarðinum að Reykjum sumarið 2012, gróðursett 2008.